



Reykjavík 25. maí 2020

Efni: Tilslakanir á takmörkunum 25. maí – stofnanir, söfn og menningarhús sveitarfélaganna.

Önnur tilslökunin tekur gildi 25. maí 2020 gildir til og með 21. júní, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar til og með 21. júní 2020. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 200 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 200 einstaklingar inni í sama rými, kaffihúsum, og mötuneytum.

Allir einstaklingar eru hvattir til að viðhalda 2 metra fjarlægð í samskiptum við aðra eins og kostur er. Í þjónustu sveitarfélaganna skal vera unnt að tryggja þeim sem það kjósa að halda 2 metra fjarlægð frá öðrum, t.d. þeir sem eru í skilgreindum áhættuhópi.

Frekari skýringu á 2ja metra nálægðartakmörkun er að finna í auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins frá 22. maí [hér](#).

Hættustig almannavarna vegna COVID-19 er í gildi og því mikilvægt að hafa í huga að almennar sóttvarnarráðstafnir eru enn í gildi.

Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum. Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá embætti landlæknis varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir hanksnotkun.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðahúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, lyklaborðum, tölvumúsum, greiðsluposum og ljósarofum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Minna gesti bókasafna á handhreinsun og tveggja metra regluna með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar. ([veggspjöld „höldum bilinu“ eru að finna hér á íslensku, ensku og pólsku](#)).

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.covid.is](http://www.covid.is)

Upplýsingar um auglýsingu ráðherra er að finna [hér](#).